

154. löggjafabing 2023-2024 Þingskjal 46 - 46. mál.

Tillaga til þingsályktunar um skráningu og bókhald kolefnisbindingar í landi.

Umsögn frá Kolviði – sjóður,
Iceland Carbonfund
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík
kt. 560606-1117

Kolviður

Kolviður var stofnaður árið 2006 og er óhagnaðar drifinn sjóður með stofnskrá. Stofnendur sjóðsins eru Skógræktarfélag Íslands og Landvernd. Sjóðurinn er stofnaður með stuðningi ríkisstjórnar Íslands.

Markmið og leiðir

Markmið sjóðsins er binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.
- Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
- Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- Draga úr heildar losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.
- Skapa útivistarsvæði með skógrækt með lýðheilsu í huga.
- Vinna að endurnýtingu / endurvinnslu skóg með áframhaldandi kolefnisbindingu.

Kolviður hefur unnið samkvæmt framangreindum markmiðum sl. 17 ár.

Gróðursettar hafa verið rúmlega 2 milljónir plantna og eru áætluð 210 þús. tonn CO₂ í bindingarferli miðað við síðustu áramót á 10 svæðum um land allt. Áætluð gróðursetning á þessu ári eru 400. Þúsund plöntur.

Kolviður-sjóður vinnur að kolefnisbindingu samkvæmt alþjóðlegum kröfum og er allur undirbúningur, gróðursetning og umsjón unnin af fagaðilum í skógrækt undir umsjón og eftirliti Skógræktarfélags Íslands.

Kolviður vinnur nú að „vottun“ verkefna sinna samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 14064-2 fyrir kolefnisbindingu í samstarfi við Bureau Veritas í London en þessir aðilar vinna einnig fyrir Landsvirkjun og Carbfix.

Nokkur hugtök eru nú í notkun er varða „vottun“ kolefnisbindingar/kolefniseininga. Þ.e. „Vottun“ sem er almennt notað hér á landi en samkvæmt ISO staðli eru „Validation“, „Verification“ og „Certification“ notuð.

Mikilvægt er að skilgreina þessi hugtök hvernig skuli nota þau og hvað liggi þar að baki þannig að þetta sé gegnsætt og skýrt gagnvart þeim sem kolefnisbinda og þeim sem kaupa kolefnisbindingu.

Reglur um skráningu og bókhald kolefnisbindingar

Við tökum undir að skýrar reglur vantar um skráningu og bókhald kolefnisbindingar í landi, hafa þarf í huga að þessi kolefnisbindingarverkefni vara í allt að 50 ár.

Rétt skráning kolefnisbindingar er mikilvægt hagsmunamál gagnvart skuldbindingum landsins í loftslagsmálum og getur slík skráning haft veruleg fjárhagsleg áhrif fyrir ríkisjóð.

Það hefur lengi verið skoðun stjórnenda Kolviðar að það ætti að vera ein landskrá fyrir öll kolefnisbindingarverkefni. Slík skráning er ekki síður mikilvæg en fasteignaskrá, ökutækjaskrá eða

skipaskrá. Skráning ætlaðrar kolefnisbindingar með skógrækt færi þá fram með skipulögðum hætti og þar væri þá einnig skráð viðurkennd mæld kolefnisbinding þegar fram líða stundir.

Það er ljóst að raunbinding getur orðið bæði meiri eða minni en áætlað er í byrjun en margir þættir hafa áhrif þar á eins og tegundaval í viðkomandi land og veðurfar.

Leiðréttingar á áætlunum eru því óhjákvæmilegar á löngum líftíma verkefna.

Í sameiginlegri landskrá kolefnisbindingar væru eigendur þessarar væntu bindingar á hverjum tíma skráðir en eigendaskipting þarf að geta átt sér stað eins og t.d. með húsnæði og bíla.

Sala kolefnisbindingar ætti að geta verið á höndum framleiðenda þeirra eða annarra aðila.

Í komandi reglum þarf að kveða á um það hvernig eigendur væntrar kolefnisbindingar þ.e. kolefnis-eininga sem bíða þess að raungerast, mega setja þær upplýsingar fram og hvernig raungerðar einingar sem byggja á viðurkenndum mælingum skulu meðhöndlaðar á mótun losun viðkomandi aðila.

Stjórnendur Kolviðar telja rétt að skráning og bókhald kolefnisbindingar í landi sé á höndum opinberra aðila.

F.h. Kolviðar

Reynir Kristinsson, stjórnarform.